

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. mars 2023.

**Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um ókeypis fræðslu og þjálfun foreldra barna með ADHD. 153. Lögjafarþing 2022-2023. Þingskjal 356 - 344. mál.**

Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar þingsályktunartillögu um ókeypis fræðslu og þjálfun foreldra barna með ADHD. Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni glíma fjölmargir einstaklingar við ADHD og koma einkennin almennt fram snemma á æviskeiði einstaklings. Foreldrar barna með ADHD glíma við margvíslegar áskoranir í uppeldishlutverkinu og er því mikið í húfi að koma stuðningi að sem fyrst. Þróuð hafa verið námskeið sem koma að gagni og með eflingu foreldrafærni er mögulegt að draga úr neikvæðum einkennum röskunarinnar. Vert er að geta þess að mörg sveitarfélög hafa innleitt PMTO þjónustu fyrir foreldra barna sem glíma við hegðunarerfiðleika eða eru í áhættu að þróa hegðunarerfiðleika. Huga þarf að samspili námskeiða fyrir foreldra barna með ADHD við PMTO þjónustu en annað útilokar ekki hitt.

Félagsráðgjafar vinna með einstaklingum, fjölskyldum, hópum og samfélögum sem eru að glíma við sálfélagslegan vanda og vilja gera breytingar á stöðu sinni sér í hag. Félagsráðgjafar búa yfir viðtækri þekkingu og beita fjölbreyttum gagnreyndum aðferðum í vinnu sinni. Nám þeirra er 5 ára háskólanám sem skiptist í þriggja ára grunnám þar sem þeir öðlast BA gráðu í félagsráðgjöf. Að því loknu tekur við tveggja ára meistaranám þar sem hluti námsins felst í starfsþjálfun utan Háskóla Íslands undir handleiðslu starfsþjálfunarkennara sem hafa fengið sérstaka þjálfun sem slíkir. Félagsráðgjafar geta að loknu námi sótt um löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf til Embættis Landlæknis og leyfi til að reka heilbrigðisþjónustu hjá sama embætti.

Menntun félagsráðgjafa er að því leyti sérstök að þar er áhersla lögð á þekkingu á sviði stjórnsýslulaga auk þess sem félagsráðgjafar hafa þjálfun í fjölskylduvinnu og málsstjórn (e. case management). Auk þess eru margir félagsráðgjafar með sérfræðiþekkingu á sviði fjölskyldumeðferðar en rannsóknir sýna að fjölskyldumeðferð samhliða öðrum meðferðaraðferðum bætir árangur meðferðar og leiðir þannig til sparnaðar til lengri tíma litíð. Styrkleiki félagsráðgjafa felst einnig í þekkingu á þeim þjónustukerfum sem koma að málum barna með ADHD og fjölskyldna þeirra svo sem félagsþjónustu sveitarfélaga, skóla- og heilbrigðisþjónustu. Félagsráðgjafar hafa heildarsýn að leiðarljósi í vinnu sinni með fólki og leita leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi og þannig ná fram aukinni skilvirkni í þjónustu með samstarfi og samþættingu þjónustu sem veitt er af ólíkum þjónustukerfum og stofnunum samfélagsins.

Margir félagsráðgjafar hafa sérhæft sig í vinnu með börnum með ADHD og fjölskyldum þeirra auk þess sem flestir félagsráðgjafar koma að málefnum þessa hóps í á margvíslegum vettvangi félagsráðgjafar. Innan félagsins býr því yfirgripsmikil þekking á þessu sviði og geta félagsráðgjafar lagt mikið af mörkum í þá vinnu sem framundan er, hljóti þingsályktunartillagan brautargengi. Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir og taka þátt í frekari vinnu vegna tillögunnar sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,  
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann  
formaður